

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarféluginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 30. apríl 2015 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagsлага. Athugasemda fresti lauk 1. apríl 2015. Engar athugasemdir bárust á kynningar-tímanum:

Deiliskipulag fyrir heimaland Laugarbakka, Ölfusi.

Í deiliskipulaginu felst að á byggingarreit B1 þar sem staðsett er hlaða, hesthús, reiðhöll og vélaskemma er heimilt að byggja við reiðhöll og hesthús. Á byggingarreit B2 og B3 er íbúðarhús; heimilt er að byggja við núverandi hús og reisa bílgeymslu. Á byggingarreit B4 er heimilt að reisa 400 m² íbúðarhús á einni hæð með kjallara að hluta. Hámarkshæð húss er 6 m. Erindinu fylgdi umsögn Minjastofnunar Íslands frá 22. apríl 2015.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal gera grein fyrir staðsetningu borholu fyrir heitt vatn ef stað-setning hennar er innan deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 11. júní 2015.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2015